

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, stefna um íbúðarbyggð.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 15. ágúst 2017 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem samþykkt var í borgarráði 15. júní 2017.

Með aðalskipulagsbreytingunni er svigrúm aukið til að byggja smærri íbúðir og með því er íbúðum fjölgað, í sumum tilfellum á kostnað atvinnuhúsnæðis. Gerð er breyting á mynd 13 (Íbúðarsvæði og blönduð byggð 2010-2030) og afmörkun þeirra reita sem breytingin tekur til og tilgreindir eru í breytingunni. Auk þess verður til nýr þéttingarreitur 59 við Suðurgötu og reitur 29 við Köllunarklett er felldur niður. Samhliða er gerð breyting á skilgreiningu landnotkunarinnar samfélagsþjónusta (S) á bls. 205 í staðfestri greinargerð þess efnis að mögulegt sé að gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði á tilteknum svæðum fyrir samfélagsþjónustu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 15. ágúst 2017.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*